

39. fundur (aukafundur) hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 30. nóvember og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

- a) Samkomulag um uppgjör varðandi uppbyggingu, rekstur og gjalddöku fyrir hitaveitu í Ásahreppi.
- b) Viðauki við fjárhagsáætlun 2016
- c) Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:

1. Samkomulag um uppgjör varðandi uppbyggingu, rekstur og gjalddöku fyrir hitaveitu í Ásahreppi.

Undir þessum lið mætti Páll Arnór Pálsson hrl.

Lagt fram samkomulag um uppgjör varðandi uppbyggingu, rekstur og gjalddöku fyrir hitaveitu í Ásahreppi sem gert var 22. nóv. 2016 milli Veitna ohf annars vegar og Ásahrepps hins vegar en samkomulagið er undirritað af oddvita og sveitarstjóra með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar. Áður höfðu oddviti og sveitarstjóri fengið umboð á hreppsnefndar til að undirrita samkomulag um þetta efni á 37. fundi hreppsnefndar 12. okt. sl. þar sem kynnt voru drög að samkomulaginu. Breytingar hafa verið gerðar síðan þá.

Páll Arnór gerði grein fyrir aðdraganda þessarar samningagerðar sem er nokkuð langur. Ágreiningur hafi byrjað milli Orkuveitu Reykjavíkur og Ásahrepps á árinu 2011 er Orkuveita Reykjavíkur bjó til nýja gjaldskrá fyrir Ásahrepp, sem samrýmdist ekki fyrri samningum Ásahrepps við forverann Hitaveitu Rangæinga og loforðum tengdum yfirtöku Orkuveitunnar á hitaveitunni. Deilumál gengu fyrir ráðuneyti og síðar fór fram mat dómkvadds matsmanns og að lokum gerði Wilhelm V. Steindórsson verkfræðingur álit að beiðni deiluaðila um lausn ágreiningsins og var það lagt til grundvallar því samkomulagi sem hér er nú lagt fram. Lausnin fellst í því aðallega að Veitur ohf (áður OR) samþykkja lækkun gjaldskrár fyrir heitt vatn til notenda í hreppnum þannig að hitunarkostnaður verði sambærilegur og hjá notendum á Hellu og Hvolsvelli og að gjaldskráin yrði leiðrétt aftur í tímann þannig að notendur fengju endurgreiðslu þess sem ofgreitt hefur verið. Á móti myndi hreppurinn greiða til Veitna árlega fjárhæð til 2027 tengdum tekjumissi vegna uppbyggingar á Krókslegg veitunnar en vanhöld urðu á því að þau sumarhús kæmu inn sem hreppurinn hafði áætlað 2007 og áfram. Veitur gengust undir að greiða hreppnum útgjöld vegna matsgerðar og lögmannskostnaðar.

Samkomulagið borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að fylgja eftir frekari útfærslu á samkomulaginu.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2016

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

Viðauki 1:

Samkomulag við Veitur ohf. gjaldfært 20,2 millj. kr. mfl. 13.

Endurgreiddur kostnaður 4,8 millj. kr. vegna málsins við Veitur ohf. fært sem tekjur á mfl. 21

Kostnaður vegna bókhaldskerfi og innleiðingu á því 2,5 millj. kr. fært á mfl. 21.

Útfærsla á áætlun vegna framlag til Odda bs. er breytt, áður fært sem rekstrarframlag, núna sundurliðað í tekjur, laun og annan rekstrarkostnað.

Hreppsnefnd

Viðaukar frá Odda settir inn skv. sundurliðun frá Odda bs. hækkun frá fyrri áætlun um 7,9 millj. kr. Fjárfesting í götulýsingu lækkuð um 7,0 millj. kr.

Samtals útgjaldaauki í rekstri er 27,8 millj.kr. er mætt með lækkun á fjárfestingu 7,0 millj. kr og lækkun á handbæru fé um 20,8 millj. kr.

Meðfylgjandi eru töluleg yfirlit sem sýna breytingu frá upphaflegri áætlun og hvernig breytingunum er mætt.

Samþykkt.

3. Næsti fundur hreppsnefndar

Verður miðvikudaginn 14. desember nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Til kynningar:

- A. Fundargerðir stjórnar sambandsins
- B. Haustþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins
- C. Lesfimiði mið - kynningarbæklingur fyrir kennara og foreldra
- D. Kynningarfundir á Suðurlandi - niðurstöður markaðsgreiningar
- E. Yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga við grunnskólakennara
- F. Kynningarfundur Íbúðalánasjóðs og sambandsins um stofnframlög
- G. Fundargerðir aðalfundar SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands
- H. Upptökur frá málþinginu Kvíði barna og ungmenna: staða og lausnir komnar á netið
- I. 27. jan. 2017: Geðheilbrigði skólabarna - hvar liggur ábyrgðin?
- J. FSU stækkun verknámshúss, framvinduskýrsla fyrir september og október 2016
- K. Bráðabirgðaröðun fyrir verk-tækni- og byggingafræðinga
- L. 250 stjórnarfundur SOS
- M. Aðalfundargerð Bergrisans
- N. Stofnun ungmennaráðs Menntamálastofnunar
- O. Nýjar úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs

Fundargerð yfirlesin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:15

 Elín Grétarsdóttir (sign)

 Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

 Karl Ölvisson (sign)

 Egill Sigurðsson (sign)

 Nanna Jónsdóttir (sign)